

Skólaráðsfundur

31. janúar 2023 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Ingibjörg Ragnarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúi kennara, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Rebekka Riviere Magnúsdóttir og Manassa Qarni fulltrúar foreldra og Júlía Teresa Radwanska og Emilía Rós Símonardóttir fulltrúar nemenda.

1. Skóladagatal

Farið yfir drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár, sem þó á eftir að leggja fyrir kennara. Allir nokkuð sáttir. Umræður sköpuðust um þrjá foreldraviðtalsdaga. Að þriðji og síðasti foreldraviðtalsdagurinn yrði í lok skólaárs, eða að sá í október yrði færður fram í maí og þá yrðu þeir áfram tveir.

2. Skólareglur

Almenn sátt með skólareglur. Rætt um símanotkun nemenda. Hvort banna ætti síma í skólanum eða að vera með símalausa daga, vikur í skólanum og vinna þau verkefni með nemendaráði. Umræður voru beggja blands, sumir vilja banna, aðrir ekki. Spurning hvort þyrfti að vera markvissari fræðsla um símanotkun og þá með hvaða hætti sú fræðsla færi fram.

3. Önnur mál

- Rætt hvort ekki væri rétt að þakka Þorvaldi Erni Árnasyni formlega fyrir hans framlag í 150 ára skrifum skólasögu í sveitarfélaginu. Setja á heimasíðu skólans og geta í ræðu skólastjóra á skólaslitum.
- Særún fékk fund með bæjarstjóra og ræddi umferðaröryggismál við skólann. Mögulega þrengingu Vogagerðis og Tjarnargötu, sérstakar umverðarveifur við skólann sem vekja þá athygli fyrst á haustin, lagfæringar við gatnamót Skyggnisholts og Stapavegar, börn virðast fara þvert yfir gatnamótin (lengstu leið), yfir götu þar sem umferð er hröð. Umræður þyrftu einnig að eiga sér stað í skólanum og setja reglulega af stað átak, göngum í skólann/keppni.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Ingibjörg Ragnarsdóttir